September 2025

Frumkvæðisúttekt
Kirkjubæjarskóli

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Útgefandi:
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Úttekt: Kirkjubæjarskóli

September 2025

mrn@mrn.is

Umbrot og textavinnsla
Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2025 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-92-4

Efnisyfirlit

1. Úttekt á Kirkjubæjarskóla 4

1.1 Kirkjubæjarskóli 5

1.2 Styrkleikar og ábendingar til úrbóta 5

2. Samantekt og niðurstöður 8

2.1 Gæði forystu og stjórnunar skólans 8

2.1.1 Stjórnun Kirkjubæjarskóla skólaárið 2024-2025 8

2.1.2 Skólastjórinn sem leiðtogi náms og kennslu 9

2.1.3 Vinnulag og ytri tengsl 10

2.2 Gæði náms og kennslu 11

2.2.1 Umgjörð, skipulag og inntak náms, stuðningur við nemendur 11

2.2.2 Gæði kennslu, námsvitund og námsreynsla nemenda 12

2.2.3 Þátttaka nemenda 13

2.3 Innra mat, umbætur og skólaþróun 13

2.3.1 Skipulag og framkvæmd innra mats 13

2.3.2 Umbætur og skólaþróun 13

2.4 Sveitarstjórn, velferðarráð og ytri skólaþjónusta 13

2.4.1 Ytri skólaþjónusta 14

2.4.2 Sveitarstjórn og velferðarráð 14

1. Úttekt á Kirkjubæjarskóla

Tímasetning úttektar:	21.-22. maí 2025
Gagnaöflun: - Viðtal við skólastjóra - Viðtal við deildarstjóra - Viðtal við fulltrúa foreldra í skólaráði - Viðtal við skólahjúkrunarfræðing - Rýnifundur með kennurum - Rýnifundir með nemendum í 4.-7. bekk og 8.-10. bekk - Rýnifundur með stuðningsfulltrúum - Viðtal við sveitarstjóra og formann velferðarráðs	- Rýnifundur með fulltrúum félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu - Rýni heimasíðu, skólanámskrár, starfsáætlunar og gagna frá skóla - Spurningakönnun ráðuneytisins fyrir foreldra (95% svörun) - Lesferill - Niðurstöður Skólapúlsins

Hinn 7. maí 2025 samþykkti mennta- og barnamálaráðherra tillögu þess efnis að gerð yrði frumkvæðisúttekt á starfsemi grunnskóladeildar Kirkjubæjarskóla í Skaftárhreppi með það að markmiði að kanna stöðuna og birta tillögur til úrbóta ef þess reyndist þörf.

Tilefni úttektarinnar var að ráðuneytinu höfðu borist nokkur erindi þar sem lýst var áhyggjum af menntun barna og skólahaldi. Meðal annars kom fram í erindum til ráðuneytis að skólinn réði ekki við að mæta þörfum nemenda, þeir hefðu ekki aðgang að viðeigandi námsefni, fengju ekki fullnægjandi kennslu, ekki væri kennt samkvæmt stundaskrá og tímar féllu ítrekað niður. Hvatt var til þess að ráðuneytið brygðist við og nemendum sem stunduðu nám við skólann yrði tryggð menntun í samræmi við lög og aðalnámskrá grunnskóla.

Sveitarfélaginu var tilkynnt með bréfi, dags. 10. janúar 2025, að í ljósi upplýsinga sem ráðuneytið hafði aflað vegna málsins myndi það á grundvelli stjórnunar- og eftirlitsheimilda ráðherra, sbr. 4. gr. laga um grunnskóla og 3. mgr. 12. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, gefa út óbindandi álit um skipan skólahalds í grunnskóla sveitarfélagsins, Kirkjubæjarskóla. Við nánari skoðun á gögnum málsins var ljóst að úttekt á starfsemi skólans þyrfti að fara fram og var sveitarfélaginu tilkynnt um það með bréfi þann 8. maí 2025. Úttektin er gerð með vísan til 1. mgr. 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. 4. gr. laganna.

Úttektin er liður í eftirlitshlutverki ráðuneytisins með skólastarfi og er tilgangur slíkrar úttektar að leggja mat á starfsemi grunnskóladeildar skólans, og eftir atvikum sveitarfélagsins, með hliðsjón af einstökum ákvæðum laga um grunnskóla, nr. 91/2008, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Einnig er markmiðið að styðja við þróunar- og umbótastarf skólans og gera tillögur að umbótum sem sveitarfélagið og nýr skólastjóri geta haft til hliðsjónar við mótun og framkvæmd skólastarfs á komandi skólaárum.

Meginniðurstöður þessarar úttektar benda til þess að sveitarfélagið og velferðarráð og aðrir ábyrgðaraðilar skólahalds í Skaftárhreppi hafi ekki fyllilega uppfyllt skyldur sínar, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008. Í skýrslunni eru dregnir fram styrkleikar í starfsemi skólans en einnig dregin fram atriði sem standast ekki einstök ákvæði laga um grunnskóla og mælt fyrir um að koma þeim í ásættanlegt horf.

Sveitarfélaginu ber að greina ráðuneytinu frá framvindu umbóta með hliðsjón af umbótaáætlun sem sveitarfélagið ber ábyrgð á að gerð verði í samræmi við niðurstöður þessarar úttektar.

1.1 Kirkjubæjarskóli

Kirkjubæjarskóli hefur frá hausti 2024 verið sameinaður leik- og grunnskóli í Skaftárhreppi. Við grunnskólahluta skólans voru skólaárið 2024-2025 alls 45 nemendur í 1. til 10. bekk og starfsmenn voru 15[1]. Gildi skólans eru kærleikur, bjartsýni og samvinna.

1.2 Styrkleikar og ábendingar til úrbóta

Styrkleikar

- Frá áramótum 2024-2025 hefur stjórnun skólans verið styrk og stöðugleiki aukist, sem og traust nemenda, foreldra og starfsfólks til skólans. Skólastjóri hefur unnið markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og vellíðan nemenda og starfsfólks hefur aukist.
- Vel hefur gengið að fá skólastjóra og fagmenntaða kennara til starfa skólaárið 2025-2026. Frá hausti 2025 hefur verið ráðið í allar stöður kennara, starfsfólk sem lokið hefur eða er að ljúka réttindanámi til kennslu.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf stjórnenda og starfsfólks og frá áramótum hafa verið reglulegir faglegir samstarfsfundir meðal starfsfólks þar sem aðferðir og verklag er kynnt.
- Áhersla er á lestur. Niðurstöður lesfimiprófa Menntamálastofnunar eru rýndar og unnið hefur verið markvisst að eflingu læsis á öllum námsstigum. Niðurstöður vorið 2025 sýndu framfarir í öllum árgöngum.
- Samstarf við grenndarsamfélagið er til fyrirmyndar.
- Teymisstjóri, kennsluráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi frá félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa heilsdags viðveru í skólanum aðra hverja viku.
- Skólinn er vel búinn tækjum og öppum til kennslu í upplýsingatækni og vel er haldið utan um innleiðingu, uppfærslu og stuðning við kennara. Upplýsingatækni er kennd í öllum námshópum.
- Umfangsmiklar umbætur standa yfir á skólahúsnæði og útisvæði.
- Mikill metnaður einkenndi undirbúning að leiksýningu nemenda og allir nemendur fóru með hlutverk í sýningunni.

Ábendingar til skólanefndar og sveitarfélags með vísan sérstaklega til 2., 5. og 6., 17., 28., 37., 40. og 45. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008

- Sveitarfélaginu er skylt að sjá til þess að börn njóti stuðnings í skólanum í samræmi við metnar sérþarfir þeirra.
- Inntak innri og ytri skólaþjónustu þarf að vera skýrara. Meta þarf hvort fela megi skólaþjónustu víðtækara hlutverk en nú er.
- Velferðarráði sveitarfélagsins er skylt að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.

[1] Heimild: Starfsáætlun Kirkjubæjarskóla 2024-2025.

- Stuðningur við einstaka nemendur þarf að vera öflugri. Efla þarf innri skólaþjónustu skólans, annaðhvort með því að ráða kennara með menntun á sviði náms og kennslu nemenda með sérþarfir eða með því að fela utanaðkomandi sérfræðingi hlutverk innri skólaþjónustu.
- Velferðarráði sveitarfélagsins er skylt að tryggja að skólinn vinni markvisst að því að meta innra starf sitt og fylgi því eftir að innra og ytra mat stuðli að auknum gæðum og bættum árangri.
- Velferðarráð þarf að tryggja að starfsáætlun og skólanámskrá séu í samræmi við lög og reglugerðir og að starfsþróunaráætlun sé gerð.
- Tryggja þarf nemendum lögbundinn námstíma og að stundatöflur, námssvið og viðfangsefni taki mið af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Birta þarf opinberlega árganganámskrár eða námsvísa sem ná til skólaársins og gera kennsluáætlanir fyrir einstaka kennslustundir.
- Á meðan enn er unnið að frekari úrbótum er mikilvægt að minnka kennsluskyldu skólastjóra eins og gert var á vormisseri 2025.
- Sveitarstjórn þarf að tryggja að ákvarðanir um valdframsal til byggðasamlaga í málefnum grunnskóla samrýmist ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ábendingar til skólastjórnenda og leiðir til umbóta með vísan sérstaklega til 7.-13., 17., 18., 20., 24.-30., 36. og 40. laga um grunnskóla nr. 91/2008

- Halda þarf áfram að efla jákvæðan skólabrag í skólanum, svo sem með því að vinna markvissar að innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar*. Endurskoða þarf skólareglur og meðferð agamála og tryggja aðkomu nemenda og foreldra að þeirri vinnu, auk þess sem halda þarf reglulega bekkjarfundi. Reglur eiga að vera skýrar og ná þarf fram samstöðu um hvernig þeim er framfylgt. Halda þarf á lofti sameiginlegri ábyrgð allra aðila á jákvæðum skólabrag.
- Endurskoða og uppfæra þarf skólanámskrá og starfsáætlun skólans svo upplýsingar samræmist kröfum aðalnámskrár og stefnu og áherslum skólans. Setja þarf fram skýra stefnu um kennsluhætti og námsmat, innleiða á markvissari hátt *Uppeldi til ábyrgðar* og *PALS* og birta starfsþróunaráætlun ásamt upplýsingum um framkvæmd innra mats.
- Tryggja þarf að skólaráð skólans sinni lögbundnum skyldum sínum og að það sé nýtt sem virkur samráðsaðili við stjórnun skólans og stefnumótun. Skólaráði er gert að setja sér formlega vinnuáætlun fyrir hvert starfsár og kynna fyrir foreldrum og nemendum.
- Efla þarf markvisst samstarf við foreldra og forráðamenn og auka upplýsingagjöf til þeirra um nám, framfarir og árangur nemenda í öllum námsgreinum. Leita skal eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið og tryggja að foreldrasamtöl falli ekki niður.
- Tryggja þarf gerð og framfylgd einstaklingsnámskráa fyrir þá nemendur sem það þurfa.
- Markmið í námi og kennslu þurfa að vera skýr og gera þarf nemendum í öllum námshópum grein fyrir markmiðum einstakra námssviða og námsgreina og viðmiðum um góðan námsárangur. Einstaklingsmiða skal námsmarkmið eins og unnt er þannig að hver og einn nemandi fáist við krefjandi viðfangsefni við sitt hæfi. Auka þarf þátttöku og ábyrgð nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferðir og meta framgang sinn.
- Vinna þarf markvissar að því að byggja upp lýðræðisleg vinnubrögð með nemendum, hjálpa þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og efla þá til virkrar þátttöku í umræðum og ákvörðunum um skólastarfið.

- Koma þarf á og innleiða kerfisbundið innra mat í Kirkjubæjarskóla. Gera þarf áætlun um matið til lengri og skemmri tíma, tryggja að matið sé samstarfsmiðað og ábyrgð á framkvæmd þess skýr. Tengja skal innra matið við áherslur í stefnu skólans og starfsþróunaráætlun og gæta að því að leitað sé eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Kynna þarf niðurstöður fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki, taka saman greinargerð um helstu niðurstöður og birta á heimasíðu skólans og skilgreina og skipuleggja umbætur með virku samráði við starfsfólk og skólaráð og setja fram í umbótaáætlun. Tryggja þarf markvissa eftirfylgni með umbótum.
- Leita þarf leiða til að efla faglegan stuðning stjórnenda við kennara, m.a. með því að stjórnendur fylgist markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf. Efla þarf sameiginlega starfsþróun kennara, sem og ígrundun þeirra og gagnrýna samræðu um kennsluhætti.
- Starfsþróun kennara og skólastjórnenda á að vera markviss þáttur í skólastarfi. Skólastjóra ber að hafa frumkvæði að því að skólinn móti áætlun til ákveðins tíma um hvernig starfsþróun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár og taki mið af menntastefnu stjórnvalda.
- Í hverjum grunnskóla á að setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að reglurnar séu unnar í samvinnu við skólaráð, séu settar og þeim fylgt. Leitast skal við að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólanum. Kynna ber nemendum og foreldrum þeirra reglurnar árlega og birta í starfsáætlun og skulu umsjónarkennarar fjalla um skólareglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir. Reglurnar á að endurskoða reglulega.

2. Samantekt og niðurstöður

2.1 Gæði forystu og stjórnunar skólans

Til grundvallar niðurstöðum sem fjallað er um í þessum kafla liggja viðtöl við skólastjóra, deildarstjóra, fulltrúa foreldra í skólaráði, rýniviðtöl við kennara, starfsfólk í skólaþjónustu og nemendur, niðurstöður Lesferils og foreldrakönnunar mennta- og barnamálaráðuneytis. Einnig vefsíða, skólanámskrá og starfsáætlun Kirkjubæjarskóla.

2.1.1 Stjórnun Kirkjubæjarskóla skólaárið 2024-2025

Í upphafi skólaárs 2024-2025 voru miklar hræringar í starfsmannahópnum. Aðdragandi þess var að fyrri skólastjóri hætti störfum vorið 2024 ásamt nokkrum kennurum og stuðningsfulltrúum. Verkefnastjóri var ráðinn til að vinna að sameiningu leik- og grunnskóla og í framhaldi að taka við sem skólastjóri sameinaðs skóla. Nýir kennarar voru ráðnir til starfa haustið 2024 sem sumir stoppuðu stutt við. Skólastarf í Kirkjubæjarskóla fór af stað án þess að búið væri að vinna skipulag og kennsluáætlanir fyrir skólaárið, stundatöflur voru ekki tiltækar né námsgögn. Einnig vantaði upp á að skólahúsnæði og -lóð væru tilbúin til skólahalds. Skólastjóri var ekki búsettur á staðnum og ýmis atvik áttu sér stað á milli kennara og nemenda. Brottfall var úr kennarahópnum og jafnframt hætti skólastjórinn störfum.

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu kom að stjórn skólans að beiðni sveitarstjórnar í nóvember og desember 2024. Ráðuneytið hefur skilning á að það ástand sem kom upp kunni að hafa kallað á tilteknar neyðarráðstafanir. Í þessu sambandi er hins vegar bent á að þótt sveitarstjórnir hafi fremur rúmar heimildir til að framselja lögbundin verkefni sín til byggðasamlaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, geta sérlög takmarkað það svigrúm á ákveðnum sviðum. Í slíkum tilvikum ganga sérlög almennt framar ákvæðum sveitarstjórnarlaga ef ekki er samræmi þar á milli. Á þetta ekki síst við ef tilteknum aðila, í þessu tilviki skólastjóra, er með lögum falin heimild til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga, t.d. ákvörðun um brottvísun nemanda úr skóla, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla. Væri öðrum en skólastjóra eða staðgengli hans falin slík ákvarðanataka kynni því að vera deilt um valdbærni viðkomandi til slíkrar ákvarðanatöku.

Fyrri hluta skólaársins 2024-2025 var mikill misbrestur á að vikulegur kennslutími hvers nemanda skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár væri uppfylltur, þar sem kennslustundir voru ítrekað felldar niður og skortur var á starfsfólki. Kennsla var auk þess ómarkviss þar sem stundatöflur og kennsluáætlanir vantaði. Með tilkomu nýs skólastjóra í upphafi árs 2025 voru unnar stundatöflur fyrir alla námshópa og frá þeim tíma hefur vikulegur námstími verið í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Að sögn skólastjóra var unnið að því að bæta nemendum upp frávik haustannar að hluta með umfram kennslutíma á vorönn fyrir nemendur í 1.-6. bekk.

Skólabragur í Kirkjubæjarskóla galt fyrir þær sviptingar sem áttu sér stað og var að mati kennara, stuðningsfulltrúa, nemenda og foreldra slæmur framan af skólaárinu 2024-2025. Með nýjum skólastjóra og kennurum sem hófu störf í upphafi árs 2025 tók skólastarfið miklum og jákvæðum breytingum að sögn viðmælenda og samfara því fór nemendum og starfsfólki að líða betur í skólanum. Skólastjórinn náði að stuðla að samhljómi meðal kennara og annars starfsfólks um starfshætti og frá því að hann hóf störf jókst stöðugleiki og traust starfsfólks, nemenda og foreldra til skólans. Skólastjórinn birtist sem þjónandi leiðtogi að mati kennara og lagði rækt við samskipti við alla í skóla- og grenndarsamfélaginu með góðum

árangri. Nemendur upplifðu að þeir gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri við skólastjórann og hann hlustaði á þá.

Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru birtar og aðgengilegar á vefsíðu skólans. Þær uppfylla ekki fyllilega viðmið aðalnámskrár að því marki að ekki er gerð grein fyrir innra mati skólans, áætlunum um umbætur og þróunarstarf, samskiptum við framhaldsskóla, vali nemenda og áætlun um símenntun starfsfólks. Enn fremur er ekki fjallað um aðferðir, svo sem *Uppeldi til ábyrgðar, leiðsagnarmat* og *PALS* sem nefnt var í viðtölum að væru notaðar í Kirkjubæjarskóla. Þá eru kennsluáætlanir sem birtar eru á vefsíðu skólans allar frá skólaárinu 2022-2023.

Undanfarin tvö skólaár hefur verið mikil starfsmannavelta í Kirkjubæjarskóla og hefur reynst erfitt að fá fagmenntaða kennara til starfa. Frá hausti 2025 hefur verið ráðið í allar stöður, kennarar sem lokið hafa eða eru að ljúka réttindanámi til kennslu.

2.1.2 Skólastjórinn sem leiðtogi náms og kennslu

Bæði kennarar og annað starfsfólk í Kirkjubæjarskóla sögðust fá uppbyggilega endurgjöf á störf sín frá skólastjóra og tækifæri til starfsþróunar. Að sögn þeirra hvatti skólastjóri þá í starfsþróunarsamtali til að efla sig í starfi og tók vel í óskir þeirra um svigrúm í starfi til að sinna starfsþróun. Skólastjóri sagðist þó ekki hafa farið í kennslustundir til að fylgjast með í því skyni að gefa kennurum endurgjöf en fékk kennsluráðgjafa frá Ásgarði sem kom nokkrum sinnum í skólann á vorönn 2025 til að vinna með kennurum. Starfsþróunaráætlun, þar sem fjallað er um sameiginlega og einstaklingsbundna starfsþróun starfsfólks, liggur ekki fyrir. Kennarar nefndu engu að síður sameiginlega starfsþróun síðustu ára, s.s. varðandi *Uppeldi til ábyrgðar* og *leiðsagnarmat*. Hins vegar bentu þeir á að það vantaði sameiginlega fræðslu fyrir allt starfsfólk skólans til að geta komið betur til móts við einstaka nemendur, s.s. varðandi einhverfu. Ekki hefur verið formlega fylgst með starfsþróun kennara.

Kirkjubæjarskóli hefur ekki sett sér stefnu um kennsluhætti en hefur að sögn skólastjóra sett sér stefnu um að nota leiðsagnarmat. Útlistun á leiðsagnarmati er ekki að finna á vefsíðu skólans, skólanámskrá eða í starfsáætlun. Fram kom í rýnihópi kennara að skýrari stefnu vanti um námsmat. Nemendur í rýnihópi á miðstigi nefndu að þau tækju mjög sjaldan próf og það væri þá helst í stærðfræði og náttúrufræði. Niðurstöður foreldrakönnunar ráðuneytisins sýna jafnframt að foreldrar myndu vilja fá meiri upplýsingar frá skóla um stöðu og námsframvindu barna sinna.

Vikulegir fundir voru með starfsfólki frá áramótum 2024-2025, ýmist frá 8-8:30 að morgni eða í lok skóladags, og voru þeir nýttir til ýmiskonar fræðslu og upplýsingagjafar. Á þessum fundum voru aðferðir og verklag kynnt og rætt, en minna var um ígrundun og gagnrýna samræða um starfshætti í skólanum að sögn kennara og skólastjóra. Skólastjóri, kennarar og starfsfólk sem sinnir stuðningi telja að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum.

Lesfimipróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir alla nemendur skólaárið 2024-2025 og markvisst var unnið að eflingu læsis með stafainnlögn í 1. bekk og PALS lestraraðferðinni í 2.-6. bekk. Í 7.-10. bekk voru nemendur teknir út úr kennslustundum og lásu í 10-15 mínútur á bókasafni, og leitast var við að gera það daglega. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir reglulega á unglingastigi. Samkvæmt niðurstöðum Lesferils í maí 2025 mátti sjá framfarir í öllum árgöngum frá því í janúar 2025. Skilaboð voru til foreldra um að leggja áherslu á lestur og foreldrar fengu niðurstöður lesfimiprófa fyrir sitt barn.

2.1.3 Vinnulag og ytri tengsl

Skólareglur eru til í Kirkjubæjarskóla og eru þær birtar á vefsíðu skólans, en að sögn skólastjóra, starfsfólks og nemenda er langt síðan þær voru endurskoðaðar og mikill misbrestur á að þeim sé fylgt eftir. Viðbrögð við brotum á skólareglum eru einnig óljós. Sumar skólareglur eru að mati nemenda og foreldra ósanngjarnar og á það einkum við aðgang nemenda að salernum.

Samkvæmt foreldrakönnun er meirihluti foreldra sammála um að gildandi skólareglur séu sanngjarnar.

Fram til loka árs 2024 var ekki starfandi skólaráð við Kirkjubæjarskóla í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla nr. 91/2008. Ekki lá fyrir undanþága af hálfu mennta- og barnamálaráðuneytis fyrir að starfrækja ekki skólaráð. Í lok árs 2024 tók til starfa skólaráð sameinaðs skóla að frumkvæði félags- og skólaþjónustunnar. Fundargerðir skólaráðsins eru birtar á vefsíðu skólans en ráðið hefur ekki sett sér starfsáætlun eins og reglugerð nr. 1157/2008 gerir ráð fyrir.

Foreldrar fá samkvæmt könnun ráðuneytisins reglulega upplýsingar um skólastarfið en kalla eftir meiri og tíðari upplýsingum um framfarir og árangur barna sinna. Samkvæmt foreldrakönnun upplifir um þriðjungur foreldra að þeir fái ekki upplýsingar um framfarir og árangur barnsins síns. Foreldraviðtöl féllu að mestu niður á skólaárinu 2024-2025 og var Mentor ekki nýttur sem skyldi af kennurum til að setja inn upplýsingar um námsframvindu nemenda.

Þrátt fyrir skort á upplýsingagjöf til foreldra þá eru að mati flestra foreldra samskipti skóla og foreldra góð og gagnvirk. Starfandi skólastjóri sendi reglulega pósta til foreldra og einnig sendi hluti kennara svokallaða föstudagspósta. Aðkoma foreldra að skólastarfinu er fyrst og fremst í gegnum fulltrúa foreldra í skólaráði og starf foreldrafélagsins. Foreldrar eru duglegir að taka þátt í ýmsum uppbrotsdögum og sækja viðburði í skólanum. Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir vorið 2025 en að öðru leyti virðist ekki hafa verið leitað eftir sjónarmiðum foreldra um skólastarfið. Í könnun ráðuneytisins svöruðu 39% foreldra því til að ekki hefði verið leitað eftir tillögum þeirra og hugmyndum til að efla skólastarfið á yfirstandandi skólaári og 25% foreldra gátu ekki svarað því hvort það hefði verið gert.

Samstarf við grenndarsamfélagið er til fyrirmyndar og höfðu til að mynda 30 aðilar samþykkt að koma á svokallaða starfamessu í skólanum til að kynna störf sín. Hótelið á Kirkjubæjarklaustri hljóp undir bagga með að ljá aðstöðu fyrir heimilisfræðikennslu á meðan verið var að útbúa kennsluaðstöðu í skólanum. Þá hafa þrír nemendur í elsta árgangi verið í afmörkuðu atvinnutengdu námi með samningi við fyrirtæki í grennd skólans. Markmiðið með þessu námsúrræði er að aðstoða nemendur við náms- og starfsval út frá eigin styrkleikum, efla sjálfsmynd og undirbúa nemendur undir þátttöku í atvinnulífi að loknum grunnskóla. Skipaðir eru tengiliðir innan skóla og vinnustaðar sem halda utan um starfsnámið og skólastjóri fylgist með framvindu námsins og hefur yfirumsjón með verkefninu. Skólastjóri fundaði reglulega með tengiliðum vinnustaðanna og nemendunum og hafði síðan ávallt samband við foreldra eftir fundina. Skólastjóri hafði einn alla yfirumsjón með verkefninu og kynnti það ítarlega á velferðarráðsfundi.

Atvinnutengdir samningar eru, samkvæmt skólastjóra, gerðir út frá heimild í 3. mgr. 26. gr laga um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem fram kemur að heimilt sé að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífinu sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Samstarf er við Fjölbrautaskóla Suðurlands sem er heimaskóli Skaftárhrepps og fóru nemendur í 8. og 10. bekk í vísindaferð þangað.

Að sögn skólastjóra er gott samstarf við félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu og þrír fulltrúar þaðan hafa heils dags viðdvöl í skólanum aðra hverja viku. Nemendaverndarráð er starfandi og fundar mánaðarlega. Í ráðinu sitja fulltrúar skólans auk fulltrúa félags- og skólaþjónustunnar. Gerð hefur verið ítarleg viðbragðsáætlun við einelti sem fjallar um viðbrögð og vinnuferli við einelti og samskiptavanda. Á heimasíðunni eru líka ítarlegar upplýsingar um farsæld barna. Vefsíða Kirkjubæjarskóla er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar en þörf er á reglulegri uppfærslu um skólahald.

Unnið er að því að gera umbætur á skólahúsnæði og útisvæði skólans, bæði hvað varðar aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk. Aðbúnaður er því að sögn skólastjóra að komast í þokkalegt form. Nemendur í rýnihópum bentu á að þörf væri á að laga aðbúnað og nefndu í því samhengi m.a. vatnslagnir/vaska, salerni, hljóðvist og skólalóð. Mötuneyti fékk almennt hrós bæði frá nemendum og starfsfólki.

2.2 Gæði náms og kennslu

Til grundvallar niðurstöðum þessa kafla liggja viðtöl við sveitarstjóra, formann velferðarráðs, skólastjóra og deildarstjóra ásamt rýniviðtölum við kennara, starfsfólk í stoðþjónustu og nemendur. Þá voru rýndar niðurstöður Lesferils, Skólapúls og könnunar sem mennta- og barnamálaráðuneyti stóð fyrir meðal foreldra, ásamt rýni á vefsíðu, skólanámskrá og starfsáætlun Kirkjubæjarskóla.

2.2.1 Umgjörð, skipulag og inntak náms, stuðningur við nemendur

Námsvísar, bekkjarnámskrár eða kennsluáætlanir fyrir skólaárið 2024-2025 voru ekki aðgengilegar á vefsíðu skólans. Í rýnihópi kennara kom fram að haustið 2024 hefði ekki unnist tími til að gera kennsluáætlanir þar sem skipulag skólastarfsins lá ekki fyrir. Mismunandi var eftir kennurum hvenær og hvort kennsluáætlanir voru unnar þegar leið á veturinn. Í rýnihópi nemenda kom fram að lítið hefði verið um nám fyrstu tvo mánuði í starfi skólans um haustið. Einnig kom fram í foreldrakönnun ráðuneytis að haustönnin hefði verið erfið, börn hefðu ekki viljað fara í skólann, kennsla hefði ekki verið sem skyldi, mikil agavandamál hefðu verið innan skólans og viðbrögðin við þeim lítil eða óviðeigandi og þáverandi skólastjóri hefði verið starfandi í öðrum skóla í Reykjavík samhliða skólastjórastarfinu í Kirkjubæjarskóla.

Einkennandi fyrir skólastarf í Kirkjubæjarskóla að sögn kennara eru hefðir og sterk tengsl við nærsamfélagið. Mikið er um uppbrot frá hefðbundinni kennslu að sögn þeirra. Bókasafn skólans er aðgengilegt og nemendur sögðust ánægðir með bókakostinn.

Misbrestur er á að nemendur sem þurfa sérstakan stuðning fái hann, að mati skólastjóra, kennara og hluta foreldra. Þriðjungur foreldra í könnun ráðuneytisins svaraði því til að barnið þeirra fengi ekki þann stuðning sem það þyrfti á að halda í skólanum eða þeir þekktu ekki til þess. Kennarar í rýnihópi nefndu að meiri stuðning þyrfti bæði við einstaka nemendur og kennara. Fram kom einnig að þörf væri fyrir meiri stuðning inn í einstaka námshópa, einkum á unglingastigi, til að nám gæti farið fram sem skyldi. Á unglingastigi hefur verið lítill vinnufriður í vetur, m.a. vegna skorts á stuðningi við nemendur, og erfitt hefur verið fyrir þá að einbeita sér. Nemendur á miðstigi nefndu að hamagangur í nemendum á elsta stigi hefði áhrif á námsfrið þeirra þar sem þeir væru í samliggjandi stofum.

Enginn sérkennari er starfandi í Kirkjubæjarskóla svo að innri skólaþjónusta við nemendur og kennara er ekki til staðar. Fram kom í viðtölum að sárlega vantaði sérkennara sem gæti hjálpað með úrlausnir og stuðning við einstaka nemendur sem ekki geta fylgt almennu skipulagi. Teymi eru mynduð um börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og félags- og skólaþjónustan kemur með tillögu að því hvernig unnið sé með viðkomandi nemendur en kemur ekki að gerð einstaklingsáætlana fyrir þá.

Einstaklingsáætlanir eru ekki gerðar fyrir börn þó að formleg greining á vanda þeirra liggi fyrir. Fram kom í rýnihópi kennara að þeir telja sig ekki hafa burði til að gera einstaklingsáætlanir fyrir nemendur án þess að fá til þess stuðning. Félags- og skólaþjónustan telur það ekki vera hlutverk sitt sem ytri skólaþjónustu að vinna einstaklingsáætlanir en að mati skólastjóra er mikilvægt að félags- og skólaþjónustan styðji frekar við gerð einstaklingsáætlana.

2.2.2 Gæði kennslu, námsvitund og námsreynsla nemenda

Meirihluti foreldra svaraði því til í foreldrakönnun ráðuneytisins að samskipti kennara og nemenda væru góð. Fram kom í viðtölum að samskipti kennara og nemenda hefðu ekki verið góð framan af skólaárinu 2024-2025 en það hefði mikið breyst til batnaðar. Nemendur í rýnihópum nefndu að þeim liði almennt vel í skólanum en að haustið hefði verið þeim erfitt og ljóst er að ýmis atvik sátu enn í þeim, sem og fréttaflutningur frá þeim tíma. Nefndu nemendur á miðstigi að einn helsti styrkleiki skólans seinni hluta vetrar væru góðir kennarar.

Fáir kennarar eru í Kirkjubæjarskóla og þurfa þeir því oft að kenna námsgreinar eða -svið sem eru utan sérsviðs þeirra.

Þar sem samkennsla árganga fer fram í Kirkjubæjarskóla voru nemendur spurðir í rýnihópum hvort þeir væru að fást við sama námsefnið eða hvort það væri aldurs- eða getuskipt. Í rýnihópum nefndu nemendur að námsefni í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og ensku væri aldursskipt en allir væru með sömu kennslubókina í dönsku og samfélagsfræði innan hvers samkennsluhóps.

Viðfangsefni kennslustunda nefndu nemendur á miðstigi að væru fyrst og fremst ákveðin af kennaranum og nemendur fengju oftast ekki að ráða. Einu markmiðin sem þeir könnuðust við úr náminu voru að klára verkefnin í tímanum til að þurfa ekki að vinna þau heima. Nemendur á elsta stigi sögðust hins vegar stundum fá val um verkefni og einnig val um vinnu við verkefnin. Sumir þeirra nefndu að verkefni væru oftast í samræmi við getu og hæfilega krefjandi á meðan aðrir í hópnum upplifðu að þeir væru lítið að fást við krefjandi verkefni og almennt væri ekki mikið skipulag á kennslunni. Nemendur vissu ekki til þess að kennsluáætlanir væru gerðar og sögðu að markmið kennslustunda væru ekki kynnt fyrir þeim. Nefndu þeir að fyrir utan nemendur í 10. bekk, sem væru með markmið um framhaldsskóla, þá væru þeir ekki að setja sér markmið í námi.

Niðurstöður Lesferils eru nýttar til að fylgjast með árangri og framförum nemenda og alla jafna notaðar til að auka framfarir nemenda. Ekki virðist markvisst vera fylgst með árangri og framförum nemenda í öðrum námsgreinum. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúls frá maí 2025 er ánægja nemenda í lestri og náttúrufræði í 6. – 10. bekk yfir landsmeðaltali og sömuleiðis áhugi þeirra á stærðfræði.

Skólinn er að sögn skólastjóra vel búinn tækjum til kennslu, svo sem í upplýsingatækni. Keyptar hafa verið spjaldtölvur með lyklaborðum og penna, hleðsluskápur og tölvur fyrir kennara ásamt Google aðgangi fyrir alla nemendur. Einn kennari, með góða þekkingu á upplýsingatækni, heldur utan um innleiðingu á öppum og uppfærslu tækjanna. Upplýsingatækni er kennd í öllum bekkjardeildum skólans. Í rýnihópi kennara kom fram ánægja með spjaldtölvurnar og hvernig staðið hefði verið að utanumhaldi og stuðningi við kennara. Nemendur á unglingastigi kölluðu þó eftir að fá öpp sem betur hentuðu námsstigi þeirra.

Foreldrar sem svöruðu könnun ráðuneytisins kölluðu eftir skýrara skipulagi hjá elsta stigi og að viðbrögð kennara við agabrotum þyrftu að vera samræmd. Kennarar í rýnihópi tóku undir að setja þyrfti skýrari

ramma og taka betur á málum. Þörf væri einnig á að fá foreldra og heimilin betur til samvinnu og að standa með skólanum þegar kæmi að agamálum.

2.2.3 Þátttaka nemenda

Allir nemendur 10. bekkjar mynda stjórn nemendafélagsins. Skólastjóri hefur frá áramótum fundað af og til með stjórn nemendafélagsins eða formanni þess. Kennari sem sinnir félagsstarfi vinnur með stjórninni að undirbúningi viðburða. Stjórn nemendafélagsins er sá formlegi vettvangur sem nemendur hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að sögn skólastjóra. Viðfangsefni stjórnar er fyrst og fremst að annast undirbúning viðburða.

Í samtölum kom fram að nemendur eru almennt ekki hafðir með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar um námsumhverfi, námstilhögun og fyrirkomulag skólastarfs í Kirkjubæjarskóla. Fram kom hjá nemendum í rýnihópi á miðstigi að þeim fannst ekki alltaf vera hlustað á þá og að þeir hefðu til dæmis ekkert verið hafðir með í ráðum þegar skólalóðin var endurskipulögð og var á þeim að heyra að breytingarnar væru ekki allar til bóta. Fram til vorannar 2025 þegar nemendur tóku þátt í könnun Skólapúlsins var heldur ekki leitað eftir sjónarmiðum nemenda um nám, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Nemendur í rýnihópi á elsta stigi nefndu að með nýjum skólastjóra væri meira hlustað á þá en áður.

Bekkjarfundir hafa almennt ekki verið haldnir skólaárið 2024-2025 að sögn nemenda í rýnihópum. Nemendur á miðstigi sögðu að fundir væru haldnir þegar kennarinn þyrfti að tala við þá, annars ekki. Nemendur vildu gjarnan að bekkjarfundir yrðu reglulegir og viðfangsefni þeirra markvissari.

2.3 Innra mat, umbætur og skólaþróun

Til grundvallar niðurstöðum sem fjallað er um í þessum kafla liggja viðtöl við skólastjóra, rýniviðtöl við kennara og vefsíða Kirkjubæjarskóla, skólanámskrá og starfsáætlun.

2.3.1 Skipulag og framkvæmd innra mats

Á heimasíðu, í skólanámskrá og í starfsáætlun er ekki fjallað um innra mat og kerfisbundið innra mat virðist að litlu leyti vera til staðar í Kirkjubæjarskóla. Á vorönn 2025 fór þó fram öflun gagna í gegnum Skólapúlsinn þegar kannanir voru lagðar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Einnig voru starfsþróunarsamtöl nýtt til að fara yfir og meta skólastarfið einstaklingslega.

2.3.2 Umbætur og skólaþróun

Niðurstöður Skólapúlsins voru kynntar fyrir velferðarráði, starfsfólki og skólaráði en ekki fyrir foreldrum eða nemendum og hafa ekki verið gerðar aðgengilegar á vefsíðu skólans. Niðurstöðurnar voru ekki markvisst nýttar til umbóta á skólaárinu og að sögn starfandi skólastjóra bíður það skólastjóra sem tekur til starfa haustið 2025. Hvorki var unnin greinargerð með niðurstöðum né gerð umbótaáætlun. Að sögn skólastjóra birtast umbætur byggðar á starfsþróunarsamtölum í kennsluskipulagi næsta árs.

2.4 Sveitarstjórn, velferðarráð og ytri skólaþjónusta

Til grundvallar niðurstöðum sem fjallað er um í þessum kafla liggja viðtöl við sveitarstjóra, formann velferðarráðs og skólastjóra, rýniviðtöl við fulltrúa félags- og skólaþjónustu, kennara og nemendur og vefsíða Kirkjubæjarskóla, skólanámskrá, starfsáætlun og foreldrakönnun ráðuneytisins.

2.4.1 Ytri skólaþjónusta

Skaftárhreppur er aðili að byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sem veitir sveitarfélaginu og skólum þess ýmsa skólaþjónustu og ráðgjöf, skv. samþykkt fyrir félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Teymisstjóri félags- og skólaþjónustunnar, kennsluráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi hafa dags viðdvöl í skólanum aðra hverja viku og er samstarf við félags- og skólaþjónustuna gott að mati sveitarstjóra og skólastjóra.

Þó svo að langflestir viðmælendur hafi talið að aðkoma félags- og skólaþjónustunnar haustið 2024 hafi verið farsæl fyrir skólann, mátti líka heyra það sjónarmið í kennarahópnum að aðkoma skólaþjónustunnar hefði ekki verið góð og upplifun þeirra verið sú að skólaþjónustan hefði seilst fulllangt inn á starfssvið þeirra varðandi kennsluaðferðir og námsgögn.

2.4.2 Sveitarstjórn og velferðarráð

Ábendingar komu fram í viðtölum um að sveitarstjórn og velferðarráð þyrftu að halda betur utan um skólann og skólastarfið. Bent var á að illa hefði verið staðið að sameiningu skólanna og ráðningum á starfsfólki skólans.

Sveitarstjórn og velferðarráð teljast ekki hafa verið nægilega virk í að sinna lögbundnum verkefnum sínum varðandi ábyrgð á heildarskipan skólahalds í Kirkjubæjarskóla, þ.m.t. því að tryggja að nemendur njóti náms og kennslu við hæfi, mati og eftirliti með skólastarfinu, stefnumótun um grunnskólahald og að tryggja samfellda og samþætta þjónustu grunnskólans.

Í foreldrakönnun ráðuneytisins kom fram gremja foreldra í garð velferðarráðs yfir stöðu skólans á síðustu haustönn, sem samkvæmt foreldrum var afleit. Einnig kom fram óánægja foreldra í garð sveitarstjórnar vegna fréttabréfs sem sent var út sl. haust. Nefndu foreldrar að börnin hefðu tekið þetta mjög nærri sér og málin hefðu ekki verið rædd, hvorki við nemendur né foreldra. Sveitarstjórn hefur í þessu samhengi bent á að fréttabréfið hafi verið greinargerð þáverandi starfandi skólastjóra og hefur beðist afsökunar á því.

Skólastjóri hefur verið að aðstoða sveitarstjóra við undirbúning nýrrar menntastefnu. Utanaðkomandi aðili mun líklegast stýra þeirri vinnu.

Að sögn skólastjóra styður sveitarfélagið mjög vel við skólann fjárhagslega svo unnt hefur verið að bæta við stöðugildum við kennslu.